

Foreldrajafnrétti

Veit innanríkisráðherra betur en öll þjóðþing hins vestræna heims?

Foreldra- jafnrétti er hugtak sem ég held að fáir velti fyrir sér aðrir en þeir sem þekkja til eða hafa sjálfir gengið í gegnum mál fyrir dómi eða sýslumanni þar sem barist er um forsjá og/eða umgengnisrétt yfir börnum. Staðan er nefnilega sú í íslensku réttarkerfi í dag að það er ómögulegt að framfylgja slíku jafnrétti.

Ísland hefur alltaf verið aftarlega á merinni þegar kemur að löggjöf á þessu sviði og við reukum

alfarið lestina þegar horft er til nágranna okkar á Norðurlöndunum. Ef tveir fullkomlega jafn hæfir og viljugir foreldrar með sambærileg tengsl við börn sín standa frammi fyrir dómara sem á að úrskurða um forsjá er hann tilneyddur til að svipta annað foreldrið forsjá til þess að geta lokið málinu. Hann hefur ekki heimild til annars.

Sameiginleg forsjá

Á öllum Norðurlöndunum og í raun öllum hinum vestræna heimi sem við berum okkur saman við hefur verið lögleidd heimild dómara til að dæma foreldrum sameiginlega forsjá gegn vilja annars foreldrisins. Í tíð Björns Bjarnasonar og síðar Rögnu Árnadóttur fyrrum dómsmálaráðherra varð til frumvarp til breytinga á barnalögum sem hafði að geyma mikilvægar breytingar til hins betra í þessum efnum. Þeirra á meðal var heimild dómara til að dæma foreldra í sameiginlega forsjá. Það frumvarp strandaði hinsvegar á leið sinni í gegnum kerfið og lítið spurðist til þess þar til nú í síðustu viku þegar



Unnur B. Vilhjálmsdóttir

27 ára móðir og stjúpmodir í Garðabæ, meistaranemi í lögfræði við Háskólann í Reykjavík og varaformaður Félags um foreldrajafnrétti.

sameiginlega forsjá enda þjóni það hagsmunum barnsins.

Réttur barna

Börn eiga rétt á forsjá beggja foreldra sinna og það er sameiginleg þróun á öllum Norðurlöndunum að foreldrahlutverkinu og ábyrgð beggja foreldra sé best fyrir komið með því að viðhalda og styrkja grundvöll sameiginlegrar forsjár. Þá hefur það sýnt sig að tilvist dómaraheimildar dregur úr tíðni forsjármála enda kemur hún í veg fyrir að annar

aðilinn, í flestum tilfellum móðir, gangi sigurviss inn í dómsal meðvituð um það að yfirgnæfandi líkur eru á því að henni verði dæmd forsjá barns. Sú hætta er nefnilega alltaf fyrir hendi við skilnað eða slit á sambúð að deilur foreldra vegna tilfinninga- og/eða fjármála hafi áhrif á forsjár- og umgengni kröfur vegna barna þeirra. Þá er það staðreynd að foreldri fer oft fram á forsjá án sjáanlegra ástæðna eða að því virðist eingöngu vegna þess að það vill fara eitt með völd.

Gefnar hafa verið út skýrslur sérfræðinga í Sviðþjóð 2005, í Danmörku 2006 og í Noregi 2008 um framkvæmd, tilhögun og áhrif dómaraheimildar og er skemmst frá því að segja að enginn þeirra er að ihuga að endurskoða fyrirkomulagið eða fella dómaraheimildina niður. Það virðist því vera svo að hver sérfræðinefndin á fætur annarrí, innlend sem erlend hafi komist að þeirri niðurstöðu að réttindi barna séu best tryggð á þennan hátt og láti mér hver sem vill þegar ég varpa fram þeirri spurningu hvað vakir eiginlega fyr-